**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 68/2010****2010/EES/49/10****frá 11. júní 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2009 frá 3. júlí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/26/EB frá 6. apríl 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum <sup>(3)</sup>.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/53/EB frá 10. júlí 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað í borð í skipum <sup>(4)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB frá 5. nóvember 2002 um breytingu á tilskipunum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum <sup>(5)</sup> hafa verið felldar inn í XIII. viðauka við samninginn en þær ber einnig að fella inn í II. viðauka.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XXXII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32001 L 0053**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/53/EB frá 10. júlí 2001 (Stjtið. EB L 204, 28.7.2001, bls. 1),
- **32002 L 0084**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB frá 5. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53),
- **32009 L 0026**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/26/EB frá 6. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 113, 6.5.2009, bls. 1).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

- „– **32009 L 0026**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/26/EB frá 6. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 113, 6.5.2009, bls. 1).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/26/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 113, 6.5.2009, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 204, 28.7.2001, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 69/2010

2010/EES/49/11

frá 11. júní 2010

## um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 frá 15. janúar 2008 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (endurútgefin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 106/2008 fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001 <sup>(3)</sup> en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði IV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brot falli texti 18. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001).
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB):  
„30. **32008 R 0106:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 frá 15. janúar 2008 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Allar vísanir í samninginn milli ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og Evrópubandalagsins um samræmingu á áætlunum varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði skal túlka sem þær feli í sér vísun til bréfaskipta milli Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og olíu- og orkumálaráðuneytisins í Noregi, iðnaðarráðuneytisins á Íslandi og efnahagsráðuneytisins í Liechtenstein, nema í 11. og 14. gr. þar sem vísunin í fyrrnefndan samning gildir áfram.
- b) Í stað orðanna „Bandalagið hefur gert við þriðju lönd“ í 5. mgr. 4. gr. komi orðin „Bandalagið eða EFTA-ríkin hafa gert við þriðju lönd“. Í stað orðanna „Framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum er heimilt“ komi orðin „Framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum eða EFTA-ríkjunum, hverjum aðila á sínu valdsviði, er heimilt“.
- c) Í stað orðsins „Framkvæmdastjórnin“ í fyrsta málslíð 3. mgr. 12. gr. komi orðin „EFTA-ríkin og framkvæmdastjórnin, hver aðili á sínu valdsviði“.
- d) Ákvæði 13. gr. gilda ekki.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 332, 15.12.2001, bls. 1.

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 106/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 70/2010****2010/EES/49/12****frá 11. júní 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/959/ESB frá 14. desember 2009 um breytingu á ákvörðun 2007/230/EB um eyðublað varðandi ákvæði félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 21aa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/230/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 D 0959**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/959/ESB frá 14. desember 2009 (Stjtið. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 80).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/959/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 80.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 71/2010****2010/EES/49/13****frá 11. júní 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/131/EB frá 16. október 2009 um breytingu á VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 37d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0131**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/131/EB frá 16. október 2009 (Stjtið. ESB L 273, 17.10.2009, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/131/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup> eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2010 frá 29. janúar 2010, <sup>(3)</sup> hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 273, 17.10.2009, bls. 12.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 21.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 72/2010

2010/EES/49/14

frá 11. júní 2010

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/126/EB frá 19. desember 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/46/EB frá 24. apríl 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/56/EB frá 12. júní 2009 um leiðréttingu á tilskipun 2008/126/EB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, að því er varðar lögleiðingardag hennar <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/100/EB frá 16. september 2009 um gagnkvæma viðurkenningu á siglingaleyfum skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(5)</sup>.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/100/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 76/135/EBE <sup>(6)</sup> en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB):  
„– **32008 L 0126**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/126/EB frá 19. desember 2008 (Stjtið. ESB L 32, 31.1.2009, bls. 1), eins og henni var breytt með:  
– **32009 L 0056**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/56/EB frá 12. júní 2009 (Stjtið. ESB L 150, 13.6.2009, bls. 5).  
– **32009 L 0046**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/46/EB frá 24. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 109, 30.4.2009, bls. 14).“
2. Texti 48. liðar (tilskipun ráðsins 76/135/EBE) hljóði svo:  
„**32009 L 0100**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/100/EB frá 16. september 2009 um gagnkvæma viðurkenningu á siglingaleyfum skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 8).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 32, 31.1.2009, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 109, 30.4.2009, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 150, 13.6.2009, bls. 5.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 8.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 21, 29.1.1976, bls. 10.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/126/EB, 2009/46/EB, 2009/56/EB og 2009/100/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 73/2010****2010/EES/49/15****frá 11. júní 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 536/2008 frá 13. júní 2008 um að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 6. gr. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip og um breytingu á þeirri reglugerð <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 56p (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32008 R 0536**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 536/2008 frá 13. júní 2008 (Stjtið. ESB L 156, 14.6.2008, bls. 10).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56p (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003):  
„56pa. **32008 R 0536**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 536/2008 frá 13. júní 2008 um að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 6. gr. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip og um breytingu á þeirri reglugerð (Stjtið. ESB L 156, 14.6.2008, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 536/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 156, 14.6.2008, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***A. Seatter***

formaður

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 74/2010

2010/EES/49/16

frá 11. júní 2010

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 <sup>(3)</sup> frá 29. maí 2009, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 18/2010 frá 8. janúar 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 að því er varðar forskriftir fyrir áætlun í hverju ríki fyrir sig um gæðaeftirlit á sviði flugverndar í almenningsflugi <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 R 0018:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 18/2010 frá 8. janúar 2010 (Stjtið. ESB L 7, 12.1.2010, bls. 3).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 18/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 7, 12.1.2010, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***A. Seatter***

formaður



ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 75/2010

2010/EES/49/17

frá 11. júní 2010

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 <sup>(3)</sup> frá 29. maí 2009, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010 frá 26. janúar 2010 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66hb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

„66hc. **32010 R 0072**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010 frá 26. janúar 2010 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar (Stjtið. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir frá gildistökudegi síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 300/2008.“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Scatter**

formaður

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 76/2010****2010/EES/49/18****frá 11. júní 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1194/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi svottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja <sup>(2)</sup> sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 58, og Stjtið. ESB L 58, 9.3.2010, bls. 23.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 1194**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1194/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 321, 8.12.2009, bls. 5), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 58, og Stjtið. ESB L 58, 9.3.2010, bls. 23.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1194/2009, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 58, og Stjtið. ESB L 58, 9.3.2010, bls. 23, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 321, 8.12.2009, bls. 5.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 77/2010****2010/EES/49/19****frá 11. júní 2010****um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010 frá 20. apríl 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða <sup>(2)</sup>.
- 3) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 <sup>(3)</sup> rann út 31. maí 2010, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti 2. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999) í XIV. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 R 0330**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010 frá 20. apríl 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða (Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 1).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lok 6. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst yfir í tilmælum að taki samhliða net svipaðra lóðréttra takmarkana til meira en 50 % viðkomandi markaðar í EFTA-ríkjunum skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðrétt samninga sem hafa að geyma sértækar takmarkanir er varða þann markað.“

Tilmælum samkvæmt 1. mgr. skal beint til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Öll EFTA-ríki, sem tilmælum samkvæmt 1. mgr. er beint til, skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvort þau samþykki tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra. Ef þessi þriggja mánaða frestur líður án þess að svar berist skal túlka það sem samþykki EFTA-ríkisins sem sendir ekki svar.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, samþykkir tilmælin eða sendir ekki svar áður en fresturinn er liðinn skal því skylt samkvæmt ákvæðum samningsins að hringa tilmælunum í framkvæmd innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn að það samþykki ekki tilmælin skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna framkvæmdastjórninni það svar. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála afstöðu EFTA-ríkisins gilda ákvæði 2. mgr. 92. gr. samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21.

við beitingu þessa ákvæðis.

Taki samhliða net svipaðra lóðréttra takmarkana til meira en 50 % viðkomandi markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafið samvinnu með það fyrir augum að samþykkja mismunandi ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar tvær eru sammála um viðkomandi markað og að rétt sé að gera ráðstafanir í samræmi við þetta ákvæði, skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð sem beint er til aðildarríkja EB og Eftirlitsstofnun EFTA efnislega samhljóða tilmæli sem beint er til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað.“ “

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 330/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*). Hún kemur til framkvæmda frá 1. júní 2010 að telja.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 78/2010****2010/EES/49/20****frá 11. júní 2010****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka  
fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Með hliðsjón af upptöku laga um sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðið í samninginn og því mikilvæga hlutverki sem SESAR-verkefnið gegnir fyrir framtíðarþróun framkvæmdarráðstafana á því sviði og með hliðsjón af þátttöku EFTA-ríkjanna í opinberri fjármögnun verkefnisins í krafti aðildar að 7. rammaáætluninni um rannsóknir og þróun, er rétt að hvetja til viðeigandi samstarfs samningsaðilanna um málefni sem starfsemi sameiginlegs SESAR-fyrirtækis tekur til, eins og fram kemur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) <sup>(2)</sup> til að hvetja hagsmunaaðila frá EFTA-ríkjunum til þátttöku í SESAR-verkefninu.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir mgr. 8a í 1. gr. (Rannsóknir og tækniþróun) bókunar 31 við samninginn:

„8b. Samningsaðilar skulu hvetja til viðeigandi samstarfs milli þar til bærra samtaka, stofnana og annarra aðila á svæðum sínum til að hvetja hagsmunaaðila frá EFTA-ríkjunum til þátttöku í SESAR-verkefninu á jafnræðisgrundvelli við hagsmunaaðila frá aðildarríkjum ESB, þar á meðal í starfsemi sameiginlega SESAR-fyrirtækisins í samræmi við reglugerðina sem er því til grundvallar <sup>(1)</sup>.

EFTA-ríkin taka fullan þátt, þó án atkvæðisréttar, í nefnd um sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðið sem er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til aðstoðar við stjórnun, mótun og framkvæmd á starfsemi sameiginlega SESAR-fyrirtækisins.

<sup>(1)</sup> **32007 R 0219**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) (Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 65, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 65.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***A. Seatter***

formaður

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 79/2010****2010/EES/49/21****frá 11. júní 2010****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka  
fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Með hliðsjón af upptöku laga um sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðið í samninginn og því mikilvæga hlutverki sem SESAR-verkefnið gegnir við framtíðarþróun framkvæmdarráðstafana á því sviði og með hliðsjón af þátttöku EFTA-ríkjanna í opinberri fjármögnun verkefnisins í krafti aðildar að 7. rammaáætluninni um rannsóknir og þróun, er rétt að hvetja til viðeigandi samstarfs samningsaðilanna um málefni sem starfsemi sameiginlegs SESAR-fyrirtækis tekur til og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1361/2008 frá 16. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 219/2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) <sup>(2)</sup> til að hvetja hagsmunaaðila frá EFTA-ríkjunum til þátttöku í SESAR-verkefninu.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 1. neðanmálsgrein í mgr. 8b í 1. gr. (Rannsóknir og tækniþróun) bókunar 31 við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 R 1361**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1361/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 12).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(3)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 65, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 65.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 12.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 36.



3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Scatter**

formaður

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 80/2010****2010/EES/49/22****frá 11. júní 2010****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka  
fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2008 frá 26. september 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 922/2009/EB frá 16. september 2009 um rekstrarsamhæfisláusnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu <sup>(2)</sup>.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist 1. janúar 2010.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði bókunar 31 við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 260, 3.10.2009, bls. 20.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2010

Ákvæði 17. gr. (Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana) bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. hafa orðin „a-lið 5. mgr.“ og „b-lið 5. mgr.“ vikið fyrir „a-lið 6. mgr.“ og „b-lið 6. mgr.“.
- b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr.:

„EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2010 taka þátt í verkefnum og starfsemi í tengslum við áætlun Sambandsins sem um getur í c-lið 6. mgr., að því marki sem verkefni og starfsemi af þessu tagi styrkja annað samstarf samningsaðila.“
- c) Í 2. mgr. hafa orðin „5. mgr.“ vikið fyrir „6. mgr.“.
- d) Í 3. mgr. hafa orðin „a-lið 5. mgr.“ vikið fyrir „a-lið 6. mgr.“.
- e) Í 4. mgr. hafa orðin „b-lið 5. mgr.“ vikið fyrir „b-lið 6. mgr.“.
- f) 5. mgr. verði endurtölusett sem 6. mgr.
- g) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 4. mgr.:

„5. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlunina sem um getur í c-lið 6. mgr., taka fullan þátt, án atkvæðisréttar, í starfsemi er lýtur að Evrópska efnahagssvæðinu á vegum nefndar um rekstrarsamhæfslausnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu (ISA-nefndin), sem aðstoðar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við framkvæmd, stjórnun og mótun áætlunarinnar, að því er varðar þau verkefni áætlunarinnar sem snúa að Evrópska efnahagssvæðinu.“
- h) Eftirfarandi bætist við í lok 6. mgr.:

„c) í þeim tilgangi að taka þátt frá 1. janúar 2010:

  - **32009 D 0922:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 922/2009/EB frá 16. september 2009 um rekstrarsamhæfslausnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu (Stjtið. ESB L 260, 3.10.2009, bls. 20).“